

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara  
og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki  
fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Aðlögunarfrestur.*

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. freastast gildistaka:

- a) ákvæða í I. viðauka (M-hluta) í fylgiskjali I, að því er varðar loftför, sem ekki eru notuð í flutningaflugi, til 28. september 2009;
- b) eftirfarandi ákvæða, þar sem fram koma kröfur um að fara eigi eftir III. viðauka (66. hluta), að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að undanskildum stórum loftförum, til 28. september 2010:
  - g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta) í fylgiskjali I;
  - g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta) í fylgiskjali I.

Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, skulu öll lofthæfistaðfestingarvottorð eða sambærileg skjöl, sem gefin eru út í samræmi við almennar reglur um lofthæfi og voru í gildi 28. september 2008, vera í gildi uns gildistími þeirra er útrunninn eða til 28. september 2009, hvort sem gerist fyrst. Þegar gildistími lofthæfistaðfestingarvottorðs er útrunninn er Flugmálastjórn Íslands heimilt að gefa það aftur út, eða sambærilegt skjal, tvísvar sinnum, til eins árs í senn, þó ekki lengur en til 28. september 2011. Frekari endurútgáfa eða framlenging er ekki leyfileg.

2. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áfram-haldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, birt sem fylgiskjal III við reglugerð þessa, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 70/2009 frá 29. maí 2009.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 28. gr. og 28. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 23. september 2009.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal III.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/2008**

frá 27. október 2008

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólkí á þessu svíði**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 6. mgr. 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólkí á þessu svíði<sup>(2)</sup>, hefur Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnun“) metið áhrifin af ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.
- 2) Flugöryggisstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að núverandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 séu of ströng fyrir loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, einkum loftför sem flokkast ekki sem „flókin, vélknúin loftför“.
- 3) Nema breytingar séu samþykktar í tæka tíð skal ákvæðum I. viðauka (M-hluta) beitt að fullu í öllum aðildarríkjum frá 28. september 2008 sökum þess að það tímabil sem aðildarríkin gátu beitt undanþágu fyrir loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, eins og kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2042/2003, sem flest aðildarríki hafa beitt í reynd, er útrunnið.
- 4) Flugöryggisstofnun hefur lagt til að umtalsverðar breytingar verði gerðar á reglugerð (EB) nr. 2042/2003, einkum á I. viðauka (M-hluta), til að aðlaga gildandi kröfur að því hve flóknir mismunandi flokkar loftfara og tegundir starfrækslu eru án þess að öryggisstigið skerðist.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.  
<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

5) Til að gera lögþárum yfirvöldum í aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum tíma til að kynna sér nægilega vel nýju kröfurnar í M-hluta og til að aðlagast þeim, skulu aðildarríkin eiga þess kost að fresta beitingu ákvæða M-hluta fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, um eitt til tvó ár til viðbótar, allt eftir því hvaða ákvæði eiga í hlut.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2042/2003 til samræms við það.

7) Í ákvæðum þessarar reglugerðar er tekið tillit til orðsendingar frá framkvæmdastjórninni frá 11. janúar 2008, „Áætlun um sjálfbæra framtíð í almannaflugi og fyrirtækjaflugi“<sup>(3)</sup>.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álti sem Flugöryggisstofnun gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi k- og l-liður bætist við 2. gr.:

,k) „ELA1-loftfar“: eftirfarandi létt evrópsk loftför:

- i. flugvél, sviffluga eða vélfluga með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er minni en 1000 kg og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

<sup>(3)</sup> COM(2007) 869, lokagerð.

- ii. loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en  $3400 \text{ m}^3$  í hitaloftbelg,  $1050 \text{ m}^3$  í gasbelg og  $300 \text{ m}^3$  í tjóðruðum gasbelg,
- iii. loftskip sem er ætlað tveimur eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en  $2500 \text{ m}^3$  fyrir hitaloftskip og  $1000 \text{ m}^3$  fyrir gasloftskip,
- I) „LSA-loftfar“: léttar sportflugvélar sem hafa alla eftirfarandi eiginleika:
- hámarksflugtaksmassi er í mesta lagi  $600 \text{ kg}$ ,
  - mesti ofrishraði í lendingarham (VSO) er að hámarki  $45 \text{ hnúta}$  leiðréttur hraði (CAS) við skráðan hámarksflugtaksmassa loftfarsins og viðkvæmustu þyngdarmiðjuna,
  - hámarkssætarými er fyrir two, þ.m.t. flugmaðurinn,
  - einn hreyfil sem er ekki hverfhreyfill og búinn skrifu,
  - farþegarými sem er án jafnþrýstibúnaðar.“
2. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 3. gr.:
- „4. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, skulu öll loftfæstaðfestingarvottorð eða samþærileg skjöl, sem gefin eru út í samræmi við kröfur aðildarríkjanna og voru í gildi 28. september 2008, vera í gildi uns gildistími þeirra er útruninn eða til 28. september 2009, hvort sem gerist fyrst. Þegar gildistími loftfæstaðfestingarvottorðs er útrunninn geta lögþær yfirvöld gefið það aftur út, eða samþærilegt skjal, eða framlengi það um eitt ár, ef slikt er leyfilegt samkvæmt kröfum aðildarríkisins. Þegar gildistími loftfæstaðfestingarvottorðs rennur aftur út geta lögþær yfirvöld gefið það aftur út einu sinni, eða samþærilegt skjal, eða framlengt það um eitt ár, ef slikt er leyfilegt samkvæmt kröfum aðildarríkisins. Frekari endurútgáfa eða framlenging er ekki leyfileg. Hafi verið stuðt við ákvæði þessarar málsgreinar þegar yfirfærsla á skráningu loftfars innan ESB fór fram skal nýtt loftfæstaðfestingarvottorð gefið út í samræmi við M.A.904.“
3. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við í 4. gr.:
- „4. Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) og opinber afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð), sem viðhaldsfyrirteki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt kröfum aðildarríkisins, gefur út fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, skulu teljast jafngild þeim sem krafist er samkvæmt M.A.801 annars vegar og M.A.802 hins vegar í I. viðauka (M-hluta).“
4. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Afhendingarvottar skulu hafa starfsréttindi í samræmi við ákvæði III. viðauka nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.901 og í M.A.803 í I. viðauka og í j-lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta) og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“
5. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:
- gilda ákvæði I. viðauka, nema að því er varðar 2. lið h-liðar M.A.201 og c-lið M.A.708, frá 28. september 2005.,
  - gildir f-liður M.A.201 í I. viðauka fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, starfrækt af flugrekanda í þriðja landi, frá 28. september 2009.“
- b) Ákvæðum 3. mgr. breytist sem hér segir:
- Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
- „a) ákvæðum I. viðauka, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, fyrir en 28. september 2009.“
- ii. Eftirfarandi g-liður bætist við:
- „g) að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að undanskildum stórum loftförum, kröfum um að fara eigi að III. viðauka (66. hluta) í eftirfarandi ákvæðum, fyrir en 28. september 2010:
- g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta),
- g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta).“
6. Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Nr. 807

23. september 2009

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Antonio TAJANI

*varaforseti.*

---

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2009